

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Skagafirði, nr. 1264/2015.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Heimilt er að halda allt að 10 hænsni á hverri íbúðarhúsalóð en hanar eru með öllu bannaðir á þeim lóðum. Sérstakt leyfi landbúnaðar-nefndar þarf til að halda hana á öðrum svæðum innan þéttbýlismarka.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, staðfestist hér með samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald. Samþykktin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar samþykktar fellur úr gildi samþykkt um búfjárhald í Hofshreppi nr. 302/1992.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. apríl 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Rebekka Hilmarsdóttir.